RAFRÆNT INNSIGLAÐ
Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.
Dags. 21.10.2026 10:45:20 UTC+0:00
Ástæða: Byggingarfulltrúi

Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 26-268, miðvikudaginn 21. október 2026

Dagskrá:

Grímsnes- og Grafningshreppur - Almenn mál

1. Hallkelshólar lóð 86 (L202619); byggingarheimild; sumarhús - 2506113

Ný gögn móttekin 08.10.26 umsókn um byggingarheimild fyrir 54,9 m2 sumarhúsi á sumarbústaðalandið Hallkelshólar lóð 86 (L202619) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð.
Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt.
Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð gr.2.3.8 eru uppfyllt:
- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.
- Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.
- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.
Samþykkt byggingaráforma fellur úr gildi hafi byggingarheimild ekki verið gefin út innan tveggja ára frá samþykkt þeirra.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur - Almenn mál

2. Steinsholt 1 millispilda (L241658); byggingarheimild; gripahús - 2610042

Móttekin var umsókn þann 15.10.2026 um byggingarheimild fyrir 810 m2 gripahúsi á landinu Steinsholt 1 millispilda (L241658) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Vísað til skipulagsnefndar þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir.

Flóahreppur - Almenn mál

3. Vorsabær (L165516); byggingarheimild; gistihús mhl 13 - 2509057

Erindi sett að nýju til afgreiðslu, grenndarkynningu er lokið. Móttekin var umsókn þann 10.08.2026 um byggingarheimild fyrir eitt gistihús 30,6 m2, mhl 13 á jörðinni Vorsabær (L165516) í Flóahreppi.

Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð.
Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt.
Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð gr.2.3.8 eru uppfyllt:
- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.
- Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.
- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.
Samþykkt byggingaráforma fellur úr gildi hafi byggingarheimild ekki verið gefin út innan tveggja ára frá samþykkt þeirra.

Grímsnes- og Grafningshr. - Umsagnir og vísanir

4. Langirimi 11 (L236516); Umsögn um rekstrarleyfi; gisting - 2610041

Móttekinn var tölvupóstur þann 14.10.2026 frá fulltrúa sýslumanns þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. II (H) Frístundahús, rýmisnúmer 01 0101 sumarhús frá Hannesi Arnarsyni fyrir hönd Sláttur og smáverk ehf., kt. 710118 - 0430 á sumarbústaðalandinu Langirimi 11 (F252 9572) Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II.

Bláskógabyggð - Umsagnir og vísanir

5. Brekkuheiði 66 (L206873); Umsögn um rekstrarleyfi; gisting - 2610043

Móttekinn var tölvupóstur þann 16.10.2026 frá fulltrúa sýslumanns þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. II (H) Frístundahús, rýmisnúmer 01 0101 sumarhús frá Sigurði Þ. Sigurðssyni fyrir hönd SÞS ehf. kt. 640269 - 3679 á sumarbústaðalandinu Brekkuheiði 66 (F234 5929) í Bláskógabyggð.

Lagst er gegn útgáfu rekstrarleyfis á grundvelli laga nr. 85/2007 í flokki II þar sem leyfisveiting samræmist ekki stefnu gildandi skipulags.

Davíð Sigurðsson
Byggingarfulltrúi UTU bs.